

**Nd.**

## **158. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Frá samvinnunefnd viðskiftamála.

Mál þetta hefir verið athugað, fyrst í viðskiftamálanefnd hvorrar þingdeildar fyrir sig og síðan í samvinnunefnd.

Tildrögin til útgáfu bráðabirgðalaga þeirra frá 15. apríl 1920, sem hjer hafa verið lögð fyrir Alþingi í frumvarpsformi, voru þau, að á aukabínginu í febr. 1920 þótti nauðsyn að gera ráðstafanir til þess að hamla vöruflutningi til landsins, til þess að ekki söfnuðust skuldir fyrir erlendis, vegna þess, að ekki fengist nægilega mikið fyrir útfluttar vörur. Voru því samþykkt ofannefnd lög frá 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, og gera þau lög ráð fyrir, að þetta sje framkvæmt með reglugerð eða reglugerðum. Daginn eftir að þau lög voru afgreidd frá Alþingi var horið fram frv. til laga um peningamálanefnd, sem fór fram á að heimila stjórninni að skipa 5 manna nefnd, til að hafa ihlutunarrjett um peningaviðskifti Íslands og útlanda. Tími vanst ekki til að afgreiða það frv. frá þínginu, en umræðum um það lyktaði með því, að samþykkt var svofeld rökstudd dagskrá frá þm. Borgfirðinga (P. O.):

»Með því að nú er að þínglausnum komið, þykir deildinni ekki rjett að láta þetta mál fara lengra, en lítur svo á, að stjórnin geti síðar útvegað sjer með bráðabirgðalögum heimild þá, er frv. fram á, ef hún telur knýjandi nauðsyn bera til, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá«.

Hinn 11. mars 1920 skipaði stjórnin því næst viðskiftanefnd, og gaf út 12. s. mán. reglugerð um innflutning á vörum. Var nefndinni þar heimilað að banna eða takmarka innflutning á »óþörfum varningi«, en þar til skyldu teljast þær vörur allar, »sem að dómi nefndarinnar er óþarft að flytja til landsins, eftir þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi eru í hverju einstöku tilfelli«, og töldust þannig einnig þar til nauðsynjavörur, ef nefndin taldi nóg fyrirbyggjandi af þeim. Þar var og ákveðið, að  $\frac{1}{4}$  af hdr. af fjárhæð hvers vöruverkings skyldi greiða fyrir innflutningsleyfi.

Síðan voru umrædd bráðabirgðalög gefin út 15. apríl, og því næst sett reglugerð um peningaviðskifti við útlönd 26. s. mán., og er þar svo fyrir mælt, að bankarnir hjer skuli leggja undir úrskurð nefndarinnar allar greiðslur til útlanda. Enn fremur er nefndinni heimilað að stöðva peningasendingar í póstaávisunum og póstsendingum, eða fresta þeim. Jafnframt var og skipverjum og farþegum á skipum bannað að flytja út peninga, fram yfir það, sem nauðsynlegt er til ferðakostnaðar, nema samþykki nefndarinnar komi til.

Viðskiftanefndin hefir síðan starfað samkvæmt þessum lögum og reglugerðum.

Þegar umræddar ráðstafanir voru gerðar, var orðinn tilfinnanlegur skortur á erlendum gjaldeyri, m. a. vegna mjög mikils vöruinnflutnings og skipakaupa undanfarið og mikils verðfalls á ýmsum íslenskum afurðum. Hins vegar hafði almenningur hjer á landi þá enn nokkurn veginn jafnmikið fje milli handa og undanfarið, svo að kaupgetan var ekki farin að minka, vöruverð fór sí-hækkandi og kaupmenn því margir mjög ódeigir að flytja inn vörur. Var því lítið svo á af ýmsum þeim, sem kunnugastir voru verslunarhöggunum, að hættulegt væri að láta innflutninginn halda áfram óhindraðan.

Seint á árinu 1920 gerðist sú breyting, að verð á ýmsum nauðsynjavörum tók að lækka erlendis. Eftir það fóru að heyrast raddir um, að innflutningshömlurnar mundu tefja fyrir tilsvarendi lækkun vöruverðsins hjer á landi. Jafnframt var og farið að þrengjast um fjárhag almennings innanlands, kaupgetan minkuð og menn alment orðnir fastheldnari á fje sitt, vegna fyrirsjáanlegs atvinnubrests og fjárkreppu fram undan. Verðlækkun á nauðsynjavörum erlendis virðist hafa haldið áfram alt til þessa. En jafnframt hafa afurðir landsins enn fallið í verði, svo að nú er allri framleiðslu í landinu hætta búin, ef tilkostnaður við hana lækkar ekki. En fyrsta skilyrði fyrir því, að framleiðslukostnaður geti lækkað, er það, að verð á erlendum nauðsynjavörum lækki hjer á landi, og þar sem innflutningshömlurnar eru taldar tefja fyrir þeirri verðlækkun, hafa nefndinni og þinginu borist mjög eindregin tilmæli frá atvinnurekendum (fjel. ísl. botnvörpuskipaeigenda) um afnám innflutningshæfta á nauðsynjavörum. Samskonar áskoranir hafa einnig borist frá kaupmönnum úr mörgum kaupþúnum landsins.

Nefndinni þykir það mjög miklu máli skifta, að verðlag erlendra nauðsynja hjer á landi geti lækkað sem fyrst og sem mest. Hún lítur svo á, sem innflutningshömlur geti tafið fyrir slíkri verðlækkun og að þær hafi gert það á stundum. Henni virðist hins vegar sem nú sje ekki lengur hætta á, að þær vörur muni fluttar inn um hóf fram, þótt slept sje hömlunum, því að lækkandi vöruverð og minkandi kaupgeta ætti að vera innflytjendum nægilegt tilefni til varúðar. Hún vill því að gerðar sjeu nú þegar ráðstafanir til að innflutningshömlur á nauðsynjavörum verði afnumdar, og leggur til, að Alþingi láti þann vilja í ljós með því að fella frv. á þskj. 14, en þar með falla þá bráðabirgðalögin frá 15. apríl 1920 úr gildi og þar með viðskiftanefndin.

Nefndin viðurkennir, að nauðsyn sje að takmarka póstaúvísanir frá Íslandi til útlanda fyrst um sinn, en slíkar takmarkanir má gera með stjórnarráðstöfun, án þess að til komi sjerstök lagaheimild, og er þetta atriði þannig ekki því til fyrirstöðu, að bráðabirgðalögin sjeu feld úr gildi. Það verður ekki sjeð, að viðskiftanefndin hafi í framkvæmdinni haft úrskurðun um yfirfærslur bankanna til útlanda, heldur hafi hvor banki ráðið þeim sjálfur fyrir sig, og virðist nefndinni að svo megi vera áfram. Bann gegn því, að skipverjar eða farþegar flytji peninga til útlanda, virðist þýðingarlaust eins og nú stendur, því að þeir einu seðlar, sem hjer eru í umferð, eru ekki innleystir erlendis, svo nokkru nemi, en gullpeningar og silfurpeningar eru ekki í umferð hjer, og verða því ekki fluttir út. Telur nefndin því, að afnám reglugerðarinnar frá 26. apríl, sem að sjálfsögðu fellur úr gildi með bráðabirgðalögunum, þurfi ekki að valda neinum vandkvæðum.

Það hefir orðið að samkomulagi í nefndinni að fallast á það, að heimildarlögin frá 8. mars 1920 hjeldust í gildi fyrst um sinn, en með því skilorði,

að »óþarfur varningur« í þeim lögum merki einungis óþarfar *vörutegundir*, en alls ekki nauðsynlegar vörur, þótt landsstjórninni þyki óþarft að flytja þær til landsins eftir þeim kringumstæðum, sem kunna að vera fyrir hendi í einhverju einstöku tilfelli. Eftir því sem nefndin vill, að þau lög sjeu skilin, hefir þá stjórnin samkvæmt þeim heimild til að banna eða takmarka með reglugerð innflutning á óþörfum vörutegundum, sem yrðu taldar upp í reglugerðinni. Þó telur nefndin óhjákvæmilegt, að undanþágur frá slíku innflutningsbanni sjeu, ef til kemur, veittar, eftir svipuðum grundvallarreglum og viðskiftanefndin hefir fylgt hingað til, en telur að stjórnarráðið eigi að afgreiða slíkar undanþágur sjálfst án þess að halda uppi sjerstakri skrifstofu til þess.

Meðal nefndarmanna eru skiftar skoðanir um það, hvort rjett eða hagkvæmt sje að stjórnin noti þessa heimild laganna frá 8. mars. Meiri hluti nefndarmanna er þeirrar skoðunar, að minkun sú á innfluttu vörumagni, sem leitt gæti af notkun heimildarinnar, muni nema svo lítilli fjárhæð, að ráðstöfunin yrði þýðingarlaus fyrir verslunarjöfnuð landsins, og kæmi því ekki að haldi til gjaldeyrissparnaðar. En nokkrir nefndarmenn álíta, að upphæðin muni nema svo miklu, að rjett sje að taka upp þessa tilhögun fyrst um sinn. Varð það að samkomulagi að leggja það á vald stjórnarinnar, hvort hún notar heimildina eða ekki.

Í framsöggunni verður gerð nánari grein fyrir upplýsingum þeim, er nefndin hefir fengið og byggir tillögur sínar á.

Alþingi, 15. mars 1921.

Jón Þorláksson,  
form. samvinnun. og framsm. í Nd.

S. H. Kvaran,  
ritari samvinnunefndar.

H. Steinsson.

M. J. Kristjánsson,  
fundaskrifari Nd., með fyrirvara.

Jón Baldvinsson.

Einar Árnason. Ó. Proppé. Björn Kristjánsson. Pjetur Ottesen. Sig. Eggerz.